



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2956
komudagur 26.5.2008

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

Athugasemdir um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, mál 613, heildarlög.

Stjórnendur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri telja hugmyndafræði að nýju fyrirkomulagi og nýrri stofnun af hinu góða. Það gefur tækifæri til aukinnar fjármagnsstýringu og utanumhald yfir margbrotna starfsemi heilbrigðisstofnana. Mikilvægt er að hafa í huga stöðu heilsugæslunnar sem velferðarþjónustu en þar er hæpið að markaðslögmálin eigi alltaf við. Lögin taka ekki á því sjónarmiði að ýmsum þáttum heilbrigðisþjónustunnar er ekki best komið undir viðskiptamódeli og ekki er tekið á því í frumvarpinu þegar samningsstaða stofnana er lítil sem engin, en það á við þar sem sátt hefur ríkt um að grunnþjónusta sé að hluta til svæðisbundin velferðarþjónusta.

Athugasemdir við 40. grein:

Í lagafrumvarpinu endurspeglast ekki þau góðu áform sem fram hafa komið í kynningum um stofnunina og því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, um mikilvægi samvinnu og gagnkvæmt traust milli seljenda og kaupanda. Vald stofnunar er mjög mikið og vel tíundað í frumvarpinu en ekkert fjallað um mikilvægi þess að tryggja sameiginlegar samskiptareglur þar sem jafnræði ríkir beggja megin borðs. Það vantar algjörlega að leggja áherslu á “samningsrétt” stofnana til að ekki verði úr gerfisamningar með einhliða ákvörðun Sjúkratryggingastofnunar hvað varðar endurgjald fyrir veitta þjónustu.

Athugasemdir við IV. kafla.

Við söknum endurskoðunarákvæðis í IV. kafla. Mikilvægt að fram komi möguleikar samningsaðila til endurskoðunar á samningum sem etv. ná yfir lengra tímabil. Hugsanlegar breytingar á forsendum samninga kalla á endurskoðunarákvæði, þetta á við um báða samningsaðila.

Athugasemdir við 48. grein.

Vanefndir miðast eingöngu við aðgerðir og rétt sjúkratryggingastofnunar, ekki er gert ráð fyrir að stofnanir hafi rétt eða möguleika til að sækja rétt sinn vegna vanefnda. Mikilvægt er að taka fram rétt beggja aðila komi til vanefnda samninga.

Athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða I.

Bráðabirgðaákvæði um starfsmenn: Heilbrigðisstofnanir þurfa að hafa sömu möguleika á mannafla og Sjúkratryggingastofnun vegna samningagerða, stofnanir þufa etv. að geta sótt sér sérþekkingu á þessu sviði, jafnvel á kostnað sjúkratryggingastofnunar. Það verður að tryggja að raunverulegt jafnræði geti ríkt í komandi samningsgerð en það er erfitt að sjá það gerast ef sérfræðingar stofnana verða kallaðir yfir til Sjúkratryggingastofnunar þegar kemur að samningsgerð. Á móti kemur að sérþekking stofnana skilar sér til Sjúkratryggingastofnunar með þessu móti en það verður að tryggja betur jafnræði í lögunum.

Akureyri 22/5 08

Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri.